

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Karl Einarsson, divanasmiður Akureyri, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Friðriks Magnússonar bæjargjaldkera f. h. bæjarsjóðs Akureyri.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 11. maí 1938.

Nr. 153/1937. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Ólafi Kjartani Ólafssyni

(Eggert Claessen).

Áfengis- og bifreiðalagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöður hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Það athugast, að afstöðuupdráttur af slysstaðnum hefir ekki verið lagður fram í málinu.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Ólafur Kjartan Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin mál-

flutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Eggerts Claesen, kr. 50.00 til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 23. nóv. 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Kjartani Ólafssyni, atvinnulausum, til heimilis á Hverfisgötu 83 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögum nr. 70 8. september 1931, um notkun bifreiða.

Kærði er kominn yfir lögdur sakamanna og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1927 $1\frac{3}{12}$ Kærður fyrir hlutdeild í innbrotsþjófnaði. Málið afgreitt til dómara.
- 1933 $1\frac{1}{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 500 króna sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.
- 1934 $2\frac{1}{2}$ Dómur hæstaréttar, 400 króna sekt fyrir brot gegn 42. gr. áfengislaganna.
- 1934 $1\frac{1}{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði, skilorðsbundið, fyrir innbrotsþjófnað og in solidum 150 króna skaðabætur.
- 1934 $2\frac{1}{10}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 300 króna sekt fyrir brot gegn áfengislögunum og ósvífni við lögregluna. Staðfest í hæstarétti $2\frac{1}{2}$ 1935.
- 1934 $2\frac{1}{10}$ Dómur hæstaréttar, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga og 800 króna sekt fyrir brot gegn 6. gr. sbr. 30. gr. laga nr. 64/1930.
- 1934 $\frac{5}{12}$ Sætt 100 króna sekt fyrir slagsmál.
- 1934 $1\frac{1}{6}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað og ólöglega vinnautn í veitingahúsi.
- 1935 $\frac{8}{7}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 8 mánaða betrunarhúsvinna fyrir þjófnað.
- 1936 $\frac{9}{10}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir hjólreiðar í Bankastræti.

- 1936 $3\frac{1}{2}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928 sbr. 231. gr. 4. mgr. hegningarlaganna og 17. gr. sbr. 37. gr. 1 mgr. áfengisl.
- 1937 $1\frac{1}{6}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 1000 króna sekt og 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir ólöglega áfengissölu.

Að kvöldi hins 14. þessa mánaðar fékk kærði lánaða bifreiðina R. 1273. Ók hann bifreiðinni hér um götur bæjarins og inn fyrir bæinn, og sat við hlið hans í framsæti bifreiðarinnar maður að nafni Sigurður Gislason, en aðrir voru ekki í bifreiðinni. Um kvöldið hafði kærði átt whisky-pela hálfan af brennivini, en helti sítrón saman við, svo að pelinn varð fullur.

Drakk hann úr honum hálfum nokkru áður en hann tók við stjórn bifreiðarinnar, og þegar hann hafði ekið nokkuð um götur bæjarins og ákvað að aka inn fyrir bæinn, tók hann upp pelann og gaf Sigurði, sem með honum var, snaps, en drakk svo sjálfur úr honum án þess þó að tæma hann alveg. Var því kærði undir áhrifum áfengis við akstur þennan.

Á götum bæjarins kveðst hann ekki hafa ekið hratt, en eftir að inn fyrir bæinn kom herti hann á hraðanum, og þegar hann kom á móts við húsið Undraland, leit henn á hraðamæli bifreiðarinnar, og sýndi hann þá ökuhraða 40 mílur miðað við klukkustund.

Hjá Undralandi er litil beygja á veginum, og þegar kærði hafði ekið yfir beygjuna, fór vinstra afturhjól bifreiðarinnar út af vegbrúninni. Þorði þá kærði ekki að hemla bifreiðina af ótta við, að hún mundi stingast, en ætlaði að reyna að ná henni upp á veginn með því að leggja á stýrið, en það tókst ekki, og rann svo bifreiðin út af veginum og braut niður girðingu, er var fyrir utan veginn. Komust þeir kærði og Sigurður strax út úr bifreiðinni, og meiddist hvorugur. Þegar bifreiðin fór út af veginum, var engin umferð á honum, og var bifreiðin að öllu leyti í góðu lagi.

Lögreglan kom á staðinn skömmu eftir að slysið gerðist, og var þá sýnilegt, að bifreiðin hafði ekið með vinstri hjólin utan í vegbrúninni yfir 26 m. Síðan hafa vinstri hjólin farið út fyrir vegbrúnina, og bifreiðin runnið með hægri hjólin upp í vegbrúnininni 28 metra, en þá tekur

skurðurinn við og lá bifreiðin langsum í honum á hægri hliðinni, og vísaði framendi hennar að veginum. Við útafaksturinn skemmdist bifreiðin töluvert.

Kærði gaf sig ekki fram við lögregluna eftir útafaksturinn vegna áfengisáhrifanna, og varð nokkur aðdragandi að því, að hann fýndist til yfirheyrslu. Samkvæmt því, sem að framan er frá skýrt, hefir kærði gerzt brotlegur gegn 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 5. gr. 3. mgr., 6. gr. 2. mgr. og 15. gr. bifreiðalaganna nr. 70 8. september 1931, og þykir refsing hans samkvæmt 39. gr. áfengislaganna og 14. gr. bifreiðalaganna og með tilliti til fyrri brota kærða hæfilega ákveðin 300 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt 5. gr. 2. mgr. bifreiðalaganna er það skilyrði til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi, að hlutaðeigandi sýni vottorð tveggja valinkunnra manna um, að hann sé áreiðanlegur og samvirkusamur. Eru þeir eiginleikar því skilyrði þess að fá bifreiðarstjóraréttindi.

Eins og að framan er greint, er kærði dæmdur fyrir innbrotspjófnað, einfaldan þjófnað, ósvifni við lögregluna og áfengislagabrot, og hefir hann þar með firrt sig því að geta talizt áreiðanlegur og samvirkusamur maður. Þykir því ekki neinum vafa bundið, þegar tillit er tekið til þessa, að í þessu máli beri að svipta hann æfilangt leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Rekstur þessa máls hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ólafur Kjartan Ólafsson, greiði 300 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal æfilangt sviptur leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.